

Skák er skemmtileg

Fréttaskeyti Skákakademíunnar 6. tölublað 1. árgangur 30. nóvember



Maraðon fyrir Barnaspítala Hringins: Allir með!

Skákakademía Reykjavíkur stendur fyrir maraðoni í þágu Barnaspítala Hringins í Kringlunni föstudag og laugardag frá klukkan 12 til 18. Mörg af efnilegustu skákbörnum landsins skora á gesti og gangandi, börn og fullorðna, pabba og mömmur, afa og ömmur, að mæta við taflborðið og leggja göfugu máli lið.

Liðsmenn Skákakademíunnar þekkja vel til í Hringnum, því við heimsækjum leikstofuna alla fimmtudaga og teflum við þær ungu hetjur sem þar leita sér lækninga. Ótal margir leggja okkur lið við að skipuleggja maraðonið, og í þeim hópi eru margir af bestu skákmönnum Íslandssögunnar. Þau sem ekki eiga heimangengt, eða treysta sér alls ekki til að tefla, geta nefnilega leigt sér skákmeistara til að tefla fyrir sig. Í þeim hópi eru Friðrik Ólafsson, Helgi Ólafsson, Jón L. Árnason, Jóhann Hjartarson, Lenka Ptacnikova og Hjörvar Steinn Grétarsson. Við hvetjum alla til að mæta eða leigja sér skákmeistara – málstaðurinn verður ekki göfugri. Hægt er að leggja inn á söfnunarreikning **0101-26-083280, kt. 700608-3280**.

MYNDIN: Felix Steinþórsson, 11 ára, er einn okkar efnilegasti skákmaður. Hann fór í heimsókn í Hringinn á fimmtudaginn og lagði dr. Sindra Valdimarsson með glæsibrag!



Ungu ljónin úr Vesturbæ fóru á kostum!

Íslandsmót unglingsveita fór fram um síðustu helgi. Fyrir mótið var búist við öruggum sigri Fjölnismanna enda allir liðsmenn sveitarinnar teflt fyrir Íslands hönd á síðustu árum. Fór svo að sveit Fjölnis lagði alla sína andstæðina 4-0 að tölu og sigruði því á mótinu með fullt hús vinninga! Í næstu sveitum komu sveitir Hellis og TR.


Öll þessi félög eru með mjög blómlegt barna- og unglिंगastarf. KR sendi í fyrsta sinn sveit á þetta mót. Gekk sú frumraun einstaklega vel og lenti sveitin í fimmta sæti af alls 14 þátttökusveitum.

Krakkarnir sem eru í sveitinni æfa allir í KR á miðvikudögum auk þess sem nokkur þeirra hafa verið dugleg við að sækja TR-æfingar á laugardögum. Í sveit KR er einn stórmeistarasonur, ef grannt er skoðað má átta sig á því hver það er og hver sé pabbinn.



Kraftur í Þingeyingum

Slæm tíð nyrðra hefur ekki dregið kraftinn úr þingeyiskum skákbændum. Í vikunni var haldið Héraðsmót HSP þar sem mætt voru um 20 ungmenni víða að úr þingeyjarsýslunum. Sigurvegari varð Hlynur Snær Viðarsson Völsungi. Skákkennsla er svo í fullum gangi í sveitunum og er meðal annars notast við kennsluefni Smára Rafns Teitssonar í kennslunni.



Hvítur mátar í 2 leikjum!

Staðan kom upp í skák stórmeistarana **Eric Lobron** (2580) og **Arthurts Yusupov** (2655) á minningarmótinu um **Hans Donner** í Amsterdam árið 1994.

Svarti kóngurinn virðist nokkuð öruggur en hvítur á snjalla fórn sem leiðir til máts.

39. Hxf8+ Kxf8 (ef 39...Kh7 þá 40. Hh8 mát)

40. Dh8 mát

Frá Birni Ívari Karlssyni skákkennara



Skólaárið 2012-2013 er annað starfsár mitt hjá Skákakademíu Reykjavíkur. Í vetur kenni ég í tíu skólum; Selásskóla, Hlíðaskóla, Sæmundarskóla, Foldaskóla, Rimaskóla, Hagaskóla, Austurbæjarskóla, Ölduselsskóla, Grandaskóla og Klébergsskóla. Samtals eru nemendur mínir tæplega fjögurhundruð í þessum skólum. Í flestum skólunum fer skákkennslan fram í 3.-5. bekk þar sem ég kem eins og hefðbundinn sérgreinakennari inn í bekkinn. Í unglingadeildunum er skákkennslan venjulega í boði sem valgrein og er þá undantekningalaust mjög vinsæl.

Að kenna ungum nemendum skák, sem mörg hver hafa aldrei nokkurn tíma kynnst skák áður, er fyrir reyndan skákmann nokkuð sérstök lífsreynsla. Markmiðið er fyrst og fremst að gera skákfræðin skiljanleg, bæði þannig að nemendurnir læri nýja hluti og hafi gaman að. Ingibjörg Rósa Ívarsdóttir, kennari í Lágafellsskóla, orðaði þetta mjög vel þegar hún sagði að auðvitað hefðu krakkarnir fyrst og fremst gaman að því að tefla en það sem þau áttuðu sig ekki á er hvað þau lærðu mikið í leiðinni. Að mínu viti hefur skákin einstaklega góð áhrif á börn á skólaaldri. Flestir nemendurnir gleyma sér algjörlega við taflmennskuna og útiloka um leið allt ytra áreiti. Þetta mætti kallast fullkomin einbeiting.

Viðhorf skólastjórnenda til skákkennslu er frábært. Almennur vilji meðal þeirra er að búa til skákhefð innan síns skóla svo skákin megi lifa og dafna þar um ókomna tíð.

